

Vesturbyggð
b/t Óskar Órn Gunnarsson
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 28. október 2019
UST201909-369/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Melanes á Rauðasandi - Vesturbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Melanes í Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær yfir tæplega 5 ha svæðis og markmið tillögunnar er að skipuleggja lóðir undir fjölbreytta ferðaþjónustu í einstakri náttúru. Innan skipulagsvæðisins eru skilgreindar fjórar lóðir með sex byggingarreitum fyrir allt að 18 hús og 6 smáhýsi.

Umhverfismat

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur stóraukist á svæðinu og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu, en vinsælt sé að ganga fjörurnar og út á Melanesrif. Auk þess kemur fram deiliskipulagssvæðið liggi að svæði sem er á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði.

Í greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 -2018 fyrir Melanes dags. 20. júlí 2019 segir m.a.: „*Aukin þjónusta dregur að sér fleira fólk og því má gera ráð fyrir að ágangur aukist en um leið verður uppbygging, hærra þjónustustig og ákveðin stýring. Með uppbyggingu ætti að verða auðveldara að vernda viðkvæm svæði hvort sem um er að ræða náttúrufar eða dýralif. fyrir svæðið.*“

Umhverfisstofnun tekur undir að með stórauknum fjölda ferðamanna mun ágangur á svæðið aukast og því mikilvægt að það komi fram í deiliskipulagstillöggunni hvaða leiðir verða farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.4.1. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir m.a.: „*Við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.*“

Því telur Umhverfisstofnun að vinna þurfi umhverfismat tillögunnar með ýtarlegri hætti en gert er í greinargerð.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan liggur að er á náttúruminjaskrá og nefnist Bæjarvaðall og er númer 306 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst víðáttumikilli, rauðleitri skeljasandsfjöru og árlóni með fjölbreyttu dýralífi. Þar eru miklar sandmaðksleirur og bendir stofnunin á að sandmaðksleirur eru mjög mikilvægt fæðusvæði tjalds (*Haematopus ostralegus*) og sandlóu (*Charadrius hiaticula*). Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að umgengnisreglur séu skýrar fyrir svæðið t.d. með upplýsingagjöf til gesta til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á náttúru og lífríkis á svæðinu.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á skipulagssvæðið liggur að leirusvæði sem nefnist Bæjarós. Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá afmörkun á kortasjá NÍ <https://serstokvernd.ni.is/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd leira sem fjallað er um í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi. <https://www.ni.is/greinar/leirur>

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur stóraukist á svæðinu og vinsælt sé að ganga fjörurnar og út á Melanesrif. Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um leirurnar í tillöggunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast raski þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og þar með fæðusvæðum vaðfugla.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að á sandinum er selalátur sem nefnist Bæjarvaðall (<http://selalatur.ni.is/>) og selir eru skráðir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði selanna og að fjallað verði um í tillöggunni hvernig verði séð til þess að ferðaþjónustan raski ekki búsvæði sela. Með skýrum umgengnisreglum um svæðið t.d. með upplýsingagjöf til ferðamanna telur Umhverfisstofnun möguleika á að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði selanna.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur